

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 22. mars 2020.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson. Fulltrúar SNS voru: Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta má var tekið fyrir:

### 1. Neyðarráðstöfun hjá Slökkviliði sveitarfélags

Erindi frá Slökkviliði sveitarfélags. Er nú unnið eftir áætlun um órofinn rekstur. Í því felast strangar ráðstafanir s.s. um samgang á milli vakta, vaktmanna og dagvinnufólks.

Hjá Slökkviliðinu er unnið á 12 tíma vöktum skv. vaktakerfi 5-5-4 eins og gert er hjá öðrum atvinnuliðum landsins. Á hverri vakt eru þrír starfsmenn og einn stjórnandi í dagvinnu og er hann á bakvakt þess á milli.

Vaktmenn hafa áhyggjur vegna aukinnar smithættu, sérstaklega nú næstu daga þegar vitað er að fjöldi einstaklinga í sóttkví mun aukast verulega í landshlutanum vegna heimkomu Íslendinga erlendis frá af svæðum með útbreidd smit.

Því hafa þeir sett fram ósk um að gera tímabundna breytingu á vaktakerfi sínu á meðan á þetta ástand varir (4 – 8 vikur?).

Óskin felst í því að hver vakt taki dag- og næturvaktir í beit þannig að hver vakt taki 7 sólarhringa samfelt á vakt á slökkvistöð. Frí á milli vaktatarna yrði þá 21 sólarhringur.

Ljóst er að þetta dregur verulega úr hættu á smiti, bæði milli vakta en eins á milli vaktmanna og almennings í hvíldartíma á milli vakta í vaktatörn.

Að mati stjórnenda er mjög óráðlegt að miða við 7 shr. á törn þó vitað sé um slík vaktakerfi erlendis. Ef af yrði væri mun betra að taka 4 sólarhringa (mán, þri, mið og fim) og 14 shr frí annars vegar og hins vegar 3 sólarhringa (fös, lau og sun) og 7 shr frí.

Til að minnka smithættu þá mun dagvinnufólk frá og með mánudeginum næsta ekki vinna á stöðinni heldur utan hennar nánast að öllu leyti.

Við förum ekki í svona breytingu nema að allir starfsmenn séu sammála um hana og staðfesti með undirskrift sinni. Búið er að ræða við alla og er samstaða. Gengið verður frá því skriflega við hvern og einn ef til kemur.

Þetta hefur engin áhrif á fjölda vakta sem hver starfsmaður vinnur í hverjum mánuði, hefur heldur ekki áhrif á þá daga sem núgildandi vaktaplan gerir ráð fyrir þeim í vinnu nema að þeim almanaksdögum fækkar sem þeir eru á vinnustað og frí lengjast til muna á milli tarna.

Útkallafjöldi að meðaltali er ekki þannig að starfsmenn ættu að fá næga hvíld á milli útkalla. Dregið hefur verið úr allri starfsemi sem felur í sér samgang við aðra (æfingar, kennsla, skoðanir o.fl.) og einungis sinnt nauðsynlegum verkum.

Ef um stórt útkall verður að ræða á þessu tímabili, þarf að gera sérstakar ráðstafanir vegna hvíldartíma þeirrar vaktar.

Áhersla er lögð á að þessi tímabundna breyting hefur á engan hátt áhrif á kjör, laun eða frítökurétt né hvíldarákvæði að öðru leyti.

Um er að ræða ósk frá starfsmönnum sem yfirmenn eru með til skoðunar, ákvörðun hefur ekki verið tekin.

Óska ég hér með eftir að samstarfsnefnd fjalli um þessa breytingu eða hvort gerðar eru einhverjar athugasemdir við þetta. Best væri að geta byrjað á þessu fyrirkomulagi strax á mánudag ef nokkur kostur er.

#### **Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin samþykkir erindi frá slökkviliðsstjóra sveitarfélags um tímabundna breytingu á gildandi vaktskrá og frávik frá gildandi kjarasamningsákvæðum aðila, enda liggja fyrir skriflegt og einstaklingsbundið samþykki viðkomandi starfsmanna.

Samstarfsnefndin byggir þessa fordæmalausu samþykkt sína á eftirfarandi rökum.

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hefur lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 en um er að ræða hæsta háskastig. Um leið og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hefur lýst yfir neyðarstigi virkjast viðbragðsáætlanir samkvæmt VI. kafla laga um almannavarnir nr. 82/2008 en ríkisvaldinu og sveitarfélögum ber skylda til að gera viðbragðsáætlanir. Í viðbragðsáætlunum kemur víða fram að færa þurfi starfsfólk til í störfum, bæði hvað varðar breytt störf, starfsaðstæður og starfsstöðvar. Er slíkt nauðsynlegt til að varna því að frekara neyðarástand myndist.

Kjarasamningar þeir sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem veita sambandinu umboð til þess eru gerðir annars vegar á grundvelli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og hins vegar á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Kjarasamningarnir marka ákveðinn ramma utan um vinnu sem unnin er dags daglega þegar um eðlilegt ástand er að ræða. Hvergi í kjarasamningum eða í ráðningasamningum er tekið á því hvernig bregðast eigi við þegar vá bera að höndum og almannavarnir virkja viðbragðsáætlanir eins og nú hefur gerst. Í raun er komin upp sú staða sem í lögfræði kallast *force majeure*.

Samkvæmt 1. gr. laga um almannavarnir taka lögin til samhæfðra almannavarnarviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum. Má því segja að lög um almannavarnir nái utan um aðstæður er kalla má *force majeure*. Það er mat Sambands íslenskra sveitarfélaga að lög um almannavarnir eigi að ganga framar þeim lögum er kjarasamningar byggja á. Þ.e.a.s. lög um almannavarnir eru lög er virkjast í *force majeure* aðstæðum og því gangi þau framar öðrum lögum.

Komi fram í viðbragðsáætlun að starfsmenn geti verið færðir til í starfi til að tryggja nauðsynlega þjónustu og takast á við afleiðingar neyðarástands halda starfsmenn sínum venjulegu launakjörum nema aðstæður séu þess eðlis að starfsmenn þurfi að vinna lengri tíma en í eðlilegu ástandi, vinna utan dagvinnutíma eða ef starfsmaður þarf að taka á sig töluvert meiri ábyrgð en almennt í sinni vinnu.

Í aðstæðum er myndast þegar neyðarstigi hefur verið lýst yfir þarf að vera hægt að taka ákvarðanir hratt og örugglega. Þar sem kjarasamningar hafa mismunandi ákvæði t.d. varðandi breytingar á starfsskyldum, starfsaðstæðum og starfsstöðvum getur slíkt hægt mjög á ákvörðunartöku. Sama á við ef vinna breytist í fjarvinnu. Er því eðlilegt að opinberir aðilar geti haft ákveðið svigrúm á grundvelli *force majeure* til breytinga sem ella væri greitt sérstaklega fyrir eða samið sérstaklega um í eðlilegu ástandi.

Eðlilegt er að opinberir aðilar geti nýtt mannauð sinn í þau verkefni sem eru mikilvægust hverju sinni án þess að þurfa að yfirfara kjarasamninga og ráðningasamninga og hugsanlega síðar komi til deilna um launakjör, yfirvinnu og aðrar greiðslur.

Fleira ekki gert.